

Þorbergur Steinn Leifsson – framboð í stjórn LÍFSVERK lífeyrissjóðs

Ég, Þorbergur Steinn Leifsson, býð mig fram í stjórn LÍFSVERK lífeyrissjóðs. Ég er 66 ára verkfræðingur og starfa á verkfræðistofunni Verkís h.f. Starfsreynsla mín spannar rúma fjóra áratugi eða frá því ég lauk meistaraþrófi í straum- og vatnafræði frá Colorado State University árið 1981. Aðal vinna mín hefur verið við áætlanagerð og hönnun vatnsaflsvirkjana.



Ég hef verið sjóðfélagi í Lífsverki frá upphafi starfsferils míns og býð mig nú aftur fram til stjórnar LÍFSVERKS en ég var kosinn í stjórn á aðalfundi árið 2020 og hef því setið í stjórn í 3 ár, og því næsta víst að þetta yrði mitt síðasta kjörtímabil.

Þegar ég bauð mig fram fyrst fyrir 3 árum lagði ég höfuð áherslu á aukna upplýsingagjöf til sjóðfélaga, bættu endurskoðun og bætt eftirlit með störfum stjórnar og sjóðsins. Einnig taldi ég ávöxtun sjóðsins ekki ásættanlega árin 2009 til 2018 í framhaldi af hruninu. Ég tel að ýmislegt hafi áunnist með minni stjórnarsetu. Þannig er endurskoðunarnefndin nú skipuð tveimur fulltrúum sem eru algerlega óháðir stjórn eða fyrrverandi stjórnarmönnum. Ég lagði fram breytingatillögu við samþykktir sjóðsins á aðalfundi í apríl 2021 í þeim tilgangi að tryggja að vilji félagsmanna kæmi betur fram í kosningum til stjórnar, með svokallaðri forgangsröðun. Tillagan var hins vegar felld með 4 atkvæðum gegn 4 en 2/3 atkvæða þarf til að samþykkja samþykktarbreytingar. Þetta sýnir hversu erfitt getur verið að koma á breytingum sem maður telur til hagsbóta fyrir félagsmenn ef félagsmenn mæta ekki á aðalfund, en meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði voru stjórnarmenn.

Ávöxtun sjóðsins hefur batnað á síðustu árum, og árið 2021 var LÍFSVERK með 4 hæstu ávöxtun sameignar allra sjóða, og árið 2022 er ávöxtun LÍFSVERKS sú hæsta sem ég hef enn séð hjá þeim fáu lífeyrissjóðum sem birt hafa tölur um árið 2022, þó um -1% nafnávöxtun sé auðvitað afleit ávöxtun í nær 10% verðbólgu. Engu að síður er ljóst að ávöxtun LÍFSVERKS sl. 10 ár er hvergi nærri eins góð og stærstu sjóðanna sem eru með stærri og sérhæfðari eignastýringardeildir. Ég tel það því vera höfuðmarkmið stjórnar LÍFSVERKS næstu árin að efla eignastýringuna og helst með stækkun sjóðsins, svo kostnaðarhlutfallið hækki ekki of mikið. Stækkun sjóðsins getur orðið a.m.k. með þrennum hætti:

1. Fleiri háskólamenntaðir gangi í sjóðinn en á næsta aðalfundi verða lagðar fram tillögur um að inntökuskilyrði verði enn rýmkuð þannig að allir sem hefja háskólanám geti gengið í sjóðinn. Einnig er unnið öflugt markaðsstarf á vegum sjóðsins.
2. Með sameiningu við aðra sjóði, sem kann að vera seinlegt og örðugt vegna mismunandi hagsmuna og uppbyggingu sjóða.
3. Þriðja leiðin er að LÍFSVERK hafi forystu um að koma á samvinnu eignastýringar nokkurra lítilla og meðalstórra sjóða. Ef vel tekst til er þetta fljótlegasta aðferðin til að efla eignastýringu sjóðanna og fjölga starfsfólki og auka sérhæfingu án þess að það leiði til sambærilegrar hækkunar hlutfalls eigna sem fer í rekstrar- og fjárfestingakostnað. Þessi leið myndi auk þess líklega valda því að margir sjóðanna myndu síðar sameinast, sem enn yki hagræðingu og vonandi ávöxtunina. Vissulega er ekki á vísan að róa í slíku samstarfi, en á það verður að láta reyna.

Efling eignastýringar hjá LÍFSVERK er þegar hafin með fjölgun starfsfólks og tel ég mikilvægt að stíga fleiri skref en huga jafnframt að stækkun sjóðsins til að halda niðri hlutfallslegum kostnaði.

Almennt tel ég mikilvægt að sjóðurinn byggi eignasafn sitt á mjög dreifðu safni, og mikilvægt að auka vægi erlendra eigna, þegar rétti tíminn gefst. Ég tel að lífeyrissjóðir eigi ekki að kaupa afleiður eða tryggingar gegn lækkun eignaflokka heldur eigi eignasafnið að vera þannig saman sett að slíkt sé óþarfi.

Ef þú ert sammála mínum áhersluatriðum óska ég eftir stuðningi þínum til stjórnar LÍFSVERKS. Ég hef lært mikið á þeim 3 árum sem ég hef verið í stjórn og tel mig geta lagt enn meira að mörkum seinna kjörtímabil mitt. LÍFSVERK er á flestan hátt fyrirmyndar sjóður, opinn með virku sjóðfélagalýðræði, hæfu starfsfólki og er reksturinn að mínu mati orðinn mjög jákvæður að flestu leiti. Áhyggjur mína af sjóðnum hafa að mestu horfið með stjórnarsetunni. Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðsins dagana 14. til 21. apríl. Skráning er með rafrænum skilríkum. Þitt atkvæði skiptir máli. Aðalfundurinn er síðan þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:00, að Engjateig. Þar verða góðar veitingar að venju og gaman og gagnlegt að mæta.